

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 1029/2008, um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 605, 4. júní 2008, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2007/2008 staðfestir ráðuneytið eftirfarandi breytingu á sérstökum viðbótarskilyrðum vegna úthlutunar aflaheimilda í sveitarfélaginu:

Vesturbyggð (Brjánslækur).

Við 5. mgr. 1. gr. auglýsingarinnar, um úthlutun byggðakvóta til Brjánslækjar, bætist nýr staflíður sem verður b-liður, svohljóðandi:

6. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: Ákvæði í 1. og 2. mgr. um vinnslu fellur niður.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 9. desember 2008.

F. h. r.

Arndís Steinþórsdóttir.

Kristján Freyr Helgason.